

Samningur

Sjúkratryggingar Íslands, í samningi þessum nefndar SÍ, og S.Á.Á. sjúkrastofnun, kt. 671077-0169, í samningi þessum nefnd verksali, gera með sér svohljóðandi samning um áfengis- og vímuefna meðferð á Sjúkrahúsinu Vog í Stórhöfða 45, 110 Reykjavík.

Samningurinn er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

1. gr. Gildissvið

- 1.1 Samningurinn tekur til sérhæfðrar sjúkráþjónustu á sviði áfengis- og vímuefna meðferðar fyrir innliggjandi sjúklinga á Sjúkrahúsinu Vog, í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um sérhæfða sjúkráþjónustu og nánar er skilgreind í samningi þessum. Sérstakur samningur er gerður um göngudeildarþjónustu vegna viðhaldsmeðferðar gegn óþúfíkn.
- 1.2 Sjúkrastofnun SÁÁ er sjúkrahús sem rekið er af Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann.
- 1.3 Verksali tekur aðeins þá einstaklinga í áfengis- og vímuefna meðferð samkvæmt samningi þessum sem hafa beiðni frá lækni (þ.á.m. læknum Vogs), eru sjúkratryggðir skv. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og uppfylla ábendingar og skilmerki fyrir innlögn, sbr. fylgiskjal II.
- 1.4 Verksali hefur heimild til að stunda aðra starfsemi við hlið þeirrar starfsemi sem samningur þessi tekur til án sérstakar heimildar SÍ. Þó verður verksali að gæta að því að sú starfsemi skaði ekki á neinn hátt þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum og halda tekjum og kostnaði vegna þeirrar starfsemi aðgreindri frá þjónustu samkvæmt samningi þessum.
- 1.5 Samningur þessi nær ekki til vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstarfa, hverju nafni sem þær nefnast. Samningur þessi nær ekki til göngudeildarstarfsemi sem veitt er við sjúkrahúsið Vog enda er sú starfsemi fjármögnuð með öðrum samningi milli aðila.

2. gr. Markmið

- 2.1 Markmið samningsins er að veita þeim sem samningurinn tekur til bestu mögulegu þjónustu á sviði áfengis- og vímuefna meðferðar sem uppfyllir ákveðnar gæðakröfur, sbr. 6. gr. og að nýta með sem hagkvæmustum hætti það fé sem SÍ leggja til verkefnisins.
- 2.2 Við framkvæmd samningsins skal verksali leita leiða til að ná fram markmiðum hans með hagkvæmum og skilvirkum hætti og tryggja að þjónusta við sjúklinga sé ávallt í fyrirrúmi.

3. gr. Starfsemi og þjónusta

- 3.1 Samningurinn tekur til áfengis- og vímuefna meðferðar sem starfrækt er á legudeild Nánari lýsing á þjónustu og meðferð ásamt ábendingum fyrir meðferð koma fram í fylgiskjölum I og II.
- 3.2 Samningurinn tekur til allrar stoðþjónustu, sem nauðsynleg er starfseminni. Hann tekur einnig til stoðþjónustu sem verksala er heimilt að kaupa af öðrum, enda uppfylli þeir ekki minni kröfur en gerðar eru til verksala í samningi þessum um slíka þjónustu.

AS¹



- 3.3 Á sjúkrahúsinu Vogu starfa saman mismunandi fagaðilar sem mynda þverfaglegt teymi heilbrigðisstarfsfólks. Teymin vinna saman með það að markmiði að sem best heildarsýn náist yfir ástand fólks og þannig valin meðferð sem metin er út frá einkennum og vandamálum hvers og eins. Í samningi þessum er miðað við 51 stöðugildi, þar af eru 5 læknar, 9 hjúkrunarfræðingar, 9 sjúkraliðar og 23 áfengis- og vímuefnarráðgjafar.
- 3.4 Fagsvið heilbrigðisstarfsfólks sem undir samninginn heyra eru:
- Læknar
 - Hjúkrunarfræðingar
 - Sjúkraliðar
 - Áfengis- og vímuefnarráðgjafar
- 3.5 Þjónusta samkvæmt samningnum skal falla að heildarskipulagi áfengis- og vímuefna meðferða í landinu og verkaskiptingu milli stofnana.
- 3.6 Verklagsreglur um forgangsroðun af biðlistum eru í fylgiskjali III.

4. gr.

Umfang og magn þjónustu á legudeild

- 4.1 Þjónusta skv. samningi þessum er veitt á almennri legudeild og legudeild fyrir unglunga. Á almennri legudeild eru rúm fyrir alls 50 sjúklinga og á legudeild fyrir unglunga eru rúm fyrir alls 10 sjúklinga sem þurfa þjónustu og eftirlit allan sólarhringinn samhliða áfengis- og vímuefna meðferð. Sjá nánari lýsingu á meðferð og þjónustu í fylgiskjali I.
- 4.2 Verksali skal skila að lágmarki 13.250 legudögum á 12 mánaða tímabili á almennri legudeild og 2.050 legudögum á 12 mánaða tímabili á legudeild fyrir unglunga, sbr. umfang þjónustu í töflu.


Umfang þjónustu á legudeildum er því eftirfarandi á 12 mánaða tímabili:

Sjúkrahúsið Vogur	Lágmarksfjöldi rúma	Lágmarksfjöldi innritana	Lágmarksfjöldi legudaga
Almenn legudeild	50	1.325	13.250
Legudeild f. unglunga	10	205	2.050
Samtals	60	1.530	15.300

5. gr.

Kröfur til þjónustu og aðbúnaðar

- 5.1 Verksali ábyrgist að viðurkenndir sérfræðilæknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn starfi á stofnuninni. Hver heilbrigðisstarfsmaður ber faglega ábyrgð á störfum sínum hjá stofnuninni.
- 5.2 Um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna og annarra starfsmanna er sinna þjónustu verksala gilda ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012, sbr. lög nr. 43/2014.
- 5.3 Sjúklingum skal tryggð fullnægjandi þjónusta á sviði áfengis- og vímuefna meðferðar sem taki mið af þörfum þeirra.
- 5.4 Verksali skipuleggur meðferðarþjónustu á stofnuninni, setur markmið um þjónustustig og framfylgir þeim.

AS² 

- 5.5 Verksali veitir sjúklingum fullt fæði sem tekur mið af mannelismarkmiðum og sér þeim fyrir sængurfatnaði og handklæðum. Starfsemi verksala skal uppfylla kröfur laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu og laga nr. 46/1980 með síðari breytingum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 5.6 Um réttindi sjúklinga, að öðru leyti en samningurinn kveður á um, gilda á ákvæði laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, sbr. síðari breytingum.

6. gr.

Gæði þjónustu, markmið og innra eftirlit

- 6.1 Verksali skal setja sér mælanleg gæða- og þjónustumarkmið, sem byggja á gæðaáætlun velferðarráðuneytisins og koma sér upp innra eftirliti m.a. í þeim tilgangi að unnt sé að sannreyna gæði þjónustunnar.
- 6.2 Verksali skal halda sjúkraskrár samkvæmt lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár, sbr. reglugerð um sjúkraskrár og skýrslugerð varðandi heilbrigðismál nr. 227/1991, með síðari breytingum og kröfum Landlæknisembættisins, sbr. lög nr. 74/1997 með síðari breytingum um réttindi sjúklinga.
- 6.3 Lyfjamál verksala heyra undir framkvæmdastjóra lækninga. Hann tilnefnir tvo af læknum stofnunarinnar og hjúkrunarfræðing í lyfjanefnd sem ásamt lyfjafræðingum SÍ skulu vera ráðgefandi um eftirfarandi:
- * að tryggja að sjúklingar stofnunarinnar fái lyf við hæfi í samræmi við klínískar ábendingar.
 - * að tryggja að lyf séu notuð með sem hagkvæmustum hætti.
 - * að lyfjameðferð sé í samræmi við yfirlýsta lyfjastefnu og hlutverk verksala.
 - * að semja og viðhalda lyfjalista stofnunarinnar.
 - * að semja reglur um með hvaða hætti ný og dýr lyf eru tekin á lyfjalista eða notuð í undantekningatilfellum innan stofnunarinnar.
 - * að tryggja hagkvæm innkaup lyfja m.a. með þátttöku í sameiginlegum innkaupum og útboðum með öðrum heilbrigðisstofnunum.
 - * að fylgjast með lyfjakynningum innan stofnunarinnar og sjá til þess að þær samræmist síðareglum Læknafélags Íslands og reglum stofnunarinnar um lyfjakynningar.


Með skráningu og meðferð ábendinga eða kvartana, sem er hluti af innra eftirlitskerfi verksala, skal fara að lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Allar ábendingar/kvartanir skulu fá formlega afgreiðslu.

7. gr.

Fjármögnun

- 7.1 Til að standa undir þjónustu og kröfum sem samningur þessi tekur til greiða SÍ mánaðarlega kr. 46.972.917.
- 7.2 Greiðslan miðast við að verksali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lífeyrisskuldbindinga vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna veikinda, námsleyfa og námskostnaðar.
- 7.3 Uppfylli verksali ekki kröfur um magn þjónustu skv. gr. 4.2 skerðast greiðslur um 80% af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern legudag. sjá nánar sýnidæmi í fylgiskjali VII, sem er hluti samnings þessa. Ef óviðráðanlegar utanaðkomandi aðstæður valda því að verksali nái ekki

3



að uppfylla kröfur um magn þjónustu skv. gr. 4.2. er heimilt að taka málið upp í samráðsnefnd skv. 14. gr. áður en til skerðingar kemur.

- 7.4 Fjárhæð í grein 7.1 er á verðlagi ársins 2015. Af heildarframlagi ríkisins samkvæmt samningnum skal 70% teljast vegna launakostnaðar og 30% vegna annars kostnaðar. Fari fram endurmat á launa- og verðlagsforsendum fjárveitinga til sambærilegra ríkisstofnana innan ársins skal endurskoða framlag til verksala með sama hætti. Komi til framlengingar á samningi þessum skal greiðsla skv. gr. 7.1. breytast 1. janúar ár hvert í samræmi við launa og verðlagsforsendur þess árs.
- 7.5 Greiðsluhluti vegna launa skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa skv. fylgiskjali IV með samningi þessum og hins vegar af mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa ríkisstarfsmanna hjá sjúkrastofnunum. Óski verksali eftir að breyta vægi starfshópa skv. fylgiskjali IV með samningi þessum skal hann leggja fram launagögn því til stuðnings áður en níu mánuðir eru til upphafs næsta fjárlagaárs.
- 7.6 Greiðslur vegna annars kostnaðar en launa skulu breytast samkvæmt forsendum fjárlaga um almennar verðlagsbreytingar vegna sams konar kostnaðar og hjá sjúkrastofnunum.

8. gr. ↗

Greiðslutilhögun

- 8.1 Greiðsla SÍ skal lögð inn á bankareikning verksala fyrirfram í jöfnum mánaðarlegum greiðslum, fyrsta vinnudag hvers mánaðar gegn framvísun reiknings.

9. gr.

Fjárreiður og fjárhagslegar ráðstafanir

- 9.1 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum og um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum.
- 9.2 Halda skal fjárreiðum og reikningshaldi vegna þeirrar starfsemi og þjónustu er samningurinn tekur til aðgreindum í bókhaldi frá öðrum rekstri og eignum verksala. Upplýsingakerfi verksala og reikningsskilum verði hagað þannig að unnt sé að greina heildarkostnað við rekstur einstakra deilda, verkefna og/eða aðgerða. Gefi fjárhagsstaða verksala tilefni til getur SÍ óskað eftir árshlutauppgjöri, sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda ásamt endurskoðaðri áætlun.
- 9.3 Framkvæmdastjórn, formaður, stjórnarmaður og aðrir stjórnendur verksala mega ekki taka þátt í meðferð máls um samningagerð milli verksala og þriðja aðila, ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta, sem kunna að fara í bága við hagsmuni verksala. Skylt er stjórnarmanni, og stjórnendum að upplýsa stjórn og SÍ um slík atvik.
- 9.4 Óheimilt er að ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum og samrýmist almennum kröfum sem gera verður um meðferð á skattfé.
- 9.5 Verksali skal fara að lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup, sbr. síðari breytingum, meðan samningur þessi er í gildi. Í því felst að bjóða skal út kaup á vörum og þjónustu þegar keypt er fyrir 6,2 millj. kr. eða meira og framkvæmdir yfir 12,4 millj. kr. eða meira, sbr. nú auglýsingu nr. 230/2010, enda fari það ekki í bága við augljósa hagsmuni SÍ. Við útboð skal þess vandlega gætt að seljendum vöru og þjónustu sé ekki mismunað.

10. gr.
Eftirlit með framkvæmd samningsins

10.1 Faglegt eftirlit Embættis landlæknis.

Embætti landlæknis hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma, sbr. 7. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni, með síðari breytingum.

10.2 Eftirlit SÍ.

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Stofnunin hefur samráð við Embætti landlæknis um fyrirkomulag og framkvæmd eftirlits. SÍ áskilja sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt samningnum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem SÍ telja þörf á hverju sinni. Verksali skal stefna að því að taka upp kostnaðargreiningu. Hann skal með reglulegu millibili upplýsa SÍ ótilkvaddur um lykiltölur reksturs samkvæmt nánara samkomulagi, sbr. fylgiskjal V með samningi þessum.

10.3 Endurskoðun á framkvæmd og fjármálum.

Ríkisendurskoðun er heimilt að gera fjárhagsendurskoðun á allri þeirri starfsemi verksala sem umsamin er í samningi þessum. Í því sambandi er verksala skylt að afhenda Ríkisendurskoðun alla reikninga sína, öll bókhaldsgögn og önnur gögn sem nauðsynleg eru við endurskoðunina, sbr. lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun með síðari breytingum..

Ríkisendurskoðun getur einnig framkvæmt stjórnsluendurskoðun hjá verksala

11. gr.
Upplýsingaskylda

11.1 Verksali skal ótilkvaddur senda SÍ og Ríkisendurskoðun fyrir lok apríl ár hvert endurskoðaðan og undirritaðan ársreikning og ársskýrslu ársins á undan, sundurliðaðan frá öðrum rekstri og eignum verksala í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006 og um bókhald, nr. 145/1994.

11.2 Nánari skilmála um upplýsingagjöf er að finna í fylgiskjali V, sem er hluti samnings þessa.



11.3 Skil stjórnunarupplýsinga:

Verksali afhendir SÍ stjórnunarupplýsingar, eins og þær liggja fyrir, eigi síðar en lok febrúar ár hvert á kynningarfundum þar sem hann kynnir niðurstöður rekstrar síðasta árs. Jafnframt skal verksali skila rekstraráætlun fyrir yfirstandandi ár og langtímaáætlun sem nær yfir það tímabil sem samningurinn er í gildi. Gefi fjárhagsstaða verksala tilefni til getur SÍ óskað eftir árshlutauppgjöri, sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda ásamt endurskoðaðri áætlun.

11.4 Upplýsingagjöf til Tryggingastofnunar ríkisins (TR)

Verksali skal senda TR mánaðarlegar upplýsingar á grundvelli 48. gr. almannatryggingalaga nr. 100/2007 um dvöl einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu (þ.e. kennitölu, innlagnardag og útskriftardag).

11.5 Samningsaðilar SÍ heyra undir upplýsingalög nr. 140/2012 og þurfa því að vera viðbúnaðir að sinna upplýsingabeidnum frá almenningi.

5



11.6 Verksali skuldbindur sig til að upplýsa SÍ þegar í stað ef hann sér fram á að geta ekki uppfyllt fjárhagsleg, magntöluleg eða fagleg ákvæði samningsins.

12. gr.

Þagnarskylda

- 12.1 Verksali skuldbindur sig til að láta alla starfsmenn sína þ.m.t verktaka, ef um þá er að ræða, undirrita heit um trúnaðar- og þagnarskyldu í samræmi við lög nr. 74/1997, um réttindi sjúklinga, sbr. síðari breytingum.
- 12.2 Ráði verksali undirverktaka til starfa skuldbindur hann sig til að láta undirverktaka og starfsmenn hans undirrita heit um þagnarskyldu.

13. gr.

Ábyrgð og tryggingar

- 13.1 Verksali ber alla ábyrgð á starfsemi og þjónustu skv. samningi þessum.
- 13.2 Verksali skal hafa fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingu hjá viðurkenndu váttryggingafélagi, sbr. lög um nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, með síðari breytingum, og færa sönnur á það ef SÍ óska þess.

14. gr.

Samráðsnefnd

- 14.1 Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í samráðsnefnd. Boða skal fundi ef annar hvor aðila óskar þess. Hlutverk nefndarinnar er:
- * Að fjalla um ágreining eða álitamál í samskiptum samningsaðila sem aðilar vísa til nefndarinnar.
 - * Að gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samningsins.
- 14.2 Unnt er að skjóta ágreiningi innan samráðsnefndar til sameiginlegs fundar samninganefnda aðila.

15. gr.

Vanefndir

- 15.1 Sýni SÍ með óyggjandi hætti fram á, að verksali uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt samningnum, geta þær birt verksala skriflega kröfugerð og krafist tafarlausra úrbóta og sett hæfilega tímafresti (almennt 6 mánuðir). Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er SÍ heimilt að skerða framlag í réttu hlutfalli við brottfallið eða skerðinguna.
- 15.2 Ef verksali vanefnir samningsskyldur sínar geta SÍ rift samningnum. Samningi þessum verður þó eigi rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi SÍ áður gert verksala viðvart skriflega og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- 15.3 Hafi verksali ekki bætt úr annmörkum samkvæmt kröfugerð innan tímafrests hafa SÍ heimild til að fresta greiðslu þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.
- 15.4 Ákvæði 15.1 - 15.3 gilda eftir því sem við á um vanefndir SÍ gagnvart verksala.

6
RS



**16. gr.
Réttarfar**

16.1 Mál er rísa kunna vegna brota á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

**17. gr.
Gildistími**

- 17.1 Samningur þessi, er gerður í framhaldi af samningi dags. 20. desember 2007 um áfengis- og vímuefnaeðferð á Sjúkrahúsinu Vogu, og framlengist sá samningur til 31. desember 2014, sbr. þó fjárheimildir skv. fjárlögum til þessa verkefnis. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2015.
- 17.2 Hann öðlast þó ekki gildi fyrir en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra. Hafi nýr samningur ekki komist á við lok samningstímans skal starfað áfram eftir samningi þessum, meðan báðir aðilar samþykkja.
- 17.3 Þegar dregur að lokum samningstíma skal SÍ gera sérstaka úttekt á framkvæmd samningsins og hversu vel verksali hefur uppfyllt samningskröfur. Slík úttekt skal lögð til grundvallar þegar tekin er ákvörðun um framhald samningsins og lagt mat á hvort breytinga er þörf.
- 17.4 Telji samningsaðili að forsendur samningsins hafi breyst getur hann farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu.
- 17.5 Samningurinn er uppsegjanlegur á samningstímanum af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

**18. gr.
Fyrirvarar**

- 18.1 Fjárhæð í grein 7.1 er sett fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og hjá öðrum heilbrigðisstofnunum taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.
- 18.2 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, 17. desember 2014

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Guðlaug Björnsdóttir
Frjálföringur Þorsteinsson

Staðfesting heilbrigðisráðherra

Kristín Þórunn Jónsdóttir

F.h. SÁÁ, Sjúkrastofnunar

Yvonne Þorgeirsdóttir
10/12/14

10/12/14